

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1999

30. júní 1999

1457

Nr. 444

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á jarðhnetum frá Egyptalandi sem ætlaðar eru til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

2. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn jarðhnetur sem að uppruna eru frá Egyptalandi. Þetta á við um hnetur í hýði í tollflokki 1202.1000 og afhýddar, einnig sundurskornar hnetur í tollflokki 1202.2000.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal innflutningur heimill ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt, sbr. einnig ákvæði um sveppaeitur (aflatoksín) í reglugerð nr. 750/1998 um breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum:

- a) Hægt er að staðfesta að vörusendingin hafi verið eða hana eigi að flokka eða hreinsa með fullnægjandi hætti þannig að hún teljist hæf til manneldis eða sem hráefni í matvæli. Hollustuvernd ríkisins ákveður hvaða vottorð eða önnur skjöl skal leggja fram þessu til staðfestingar.
- b) Á vörunni er greinileg merking sem segir að varan skuli gangast undir flokkun eða hreinsun áður en hún er notuð til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

Í þeim tilvikum þar sem vöruna á að flokka eða hreinsa skal heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá til þess að hún fari ekki í dreifingu fyrr en að lokinni þeirri meðhöndlun.

3. gr.

Vörusendingar sem fluttar voru frá Egyptalandi fyrir gildistöku þessarar auglýsingar er heimilt að flytja inn ef þær berast til landsins innan 20 daga frá gildistöku auglýsingarinnar eða berast frá EES ríkjum að lokinni vöruskoðun þar. Af þessum vörum skal taka sýni til greiningar á sveppaeitri (aflatoksíni) og skal sýnataka, greining og hámarks-magn sveppaeiturs vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 518/1993, sbr. breytingu nr. 750/1998.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsingin er birt samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 1999/356/EB um tímabundna takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og gildir til 1. desember 1999.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. júní 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.